

Hádegisblaðið

HALLDÓR KOM SÁ OG SIGRAÐI

Miklar umferðatruflanir urðu á suðurlandsveginum þegar ljóst var að Halldór Grétar Gestsson var einn í efsta sæti í MBA golfmótinu sem fram fór í Hveragerði. Þetta þótti furðu sæta því Halldór mun hafa gengið að minnsta kosti tvöfalda vegalengda annarra keppenda.



Þessi áhorfandi gerði sér fljótt grein fyrir því að eitthvað var í Halldór spunnið, en þeir kynntust þegar Halldór sló út af braut og út í haga á fyrstu braut. Það voru ekk bara hestar sem Halldór kynntist í hagagöngunni. Hér má sjá veiðimann í bakgrunni að leit að boltanum hans Halldórs en þeim varð vel til vina þegar þarna var komið við sögu.



Talið er fullvíst að kíkinn hafi átt stóran þátt í sigrinum, því ávallt var mjög langt að pinna þó búið væri að slá 2högg eða jafnvel þrjú.



Hér má sjá Halldór taka við fyrstu verðlaunum úr hendi mótshaldara. Svo einkennilega vildi til að Halldór lék með mótsnefndinni allan tímann og varð þeim vel til vinHéra, enda lék hann á alls oddi. Halldór og Ingunn skiptust á tíglamvstrum að móti loknu.

Hér má sjá félagana fylgjast með teighöggi Halldórs. Af svipnum má dæma hefur Halldór hitt boltann vel enda skín gleðin fólkskva laus.

Spilaði án gríns og fékk fugl

Eftir afar erfiða byrjun fékk Hörður fugl á fyrstu braut upp í mót. Þessi mynd tengist efninu ekki beint, og þó.





Hér má sjá hvar Hörður horfir á eftir bolta verða að fugli. Hörður kippir sér ekkert upp við slíkt. Hörður sló upp mikla torfu eins og þeir gera í sjónvarpinu, en eftir það var hann kallaður Hörður Torfa.



Hörður fékk stór læk fyrir það hvernig hann sló þennan bolta standandi yfir læk



Ljósmyndari lagði sig í mikla hættu við að ná mynd af Herði í upphafshöggi þar sem hann sótti hart að nándarverðlaunum. Var nýjusta tækni notuð þar sem loftbelg var haganlega komið fyrir rétt fyrir framan teig og mynd tekin þaðan.



Herdís Rós meikar 'ðað

Þrátt fyrir að Herdís sé ekki að meika það í golfinu þá lætur hún sitt ekki eftir liggja á öðrum sviðum. Búið er að ráða hana sem mannauðs- stjóra Ísafjarðarbæjar og hefur hún störf þar 1. Janúar eftir áramót. **Til HAMINGJU Herdís!**

Svo ótrúlega vildi til að í þessu fámenna golfmóti að tveir keppenda hétu því sama furðulega nafni, Hörður Hauksson. Það var ekki að sökum að spyrja að tölvukerfið hjá mótstjórninni hrundi með öllu. Kínverjar hafa slæma reynslu af því að fá þessa kumpána samtímis í heimsókn enda var flugumferðastjórn í gjörvallri Asíu í molum í margar vikur eftir heimsóknina. Ekki er hægt á myndinni að greina hvor er Hörður og hvor er Hauksson.



Hér má sjá besta teighögg dagsins. Svo langt fór boltinn að hann sást aldrei aftur.



Múgur og margmenni í golfskálanum að leik loknum. Hvar er árg. 2007-9?